# DEILISKIPULAG SMÁRAHVAMMSVEGAR
## SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

**GREINARGERÐ**

## 1 Forsendur

### 1.1 Aðdragandi og tilgangur
Deiliskipulag Smárahvammsvegar nær til gatnarýmis milli aðliggjandi byggðar sem skilgreind er sem íbúðarbyggð, miðsvæði, samfélagsþjónusta og opið svæði samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Markmið skipulagsins er að laga breidd götu að umferðarmagni, auka umferðaröryggi, sérstaklega gangandi og hjólandi vegfarenda og aðlaga götumyndina að umhverfi og skipulagi nálægra reita. Í skipulaginu er lega stíga skilgreind, fyrirkomulag gatnamóta og grænna svæða. Allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi Kópavogs. Bæði Smárahvammsvegur og Fífuhvammsvegur eru skilgreindir sem tengibrautir í aðalskipulagi og meðfram þeim beggja vegna er sýnd göngu- og/eða hjólaleið á aðalskipulagsuppdrætti.

### 1.2 Afmörkun skipulagssvæðis
Skipulagssvæðið afmarkast til norðurs af göngustíg meðfram Fífuhvammsvegi norðanverðum. Gatnamót Fífuhvammsvegar-Smárahvammsvegar eru innan skipulagssvæðis, þ.m.t. beygjureinar. Mörk svæðis ná að innkeyrslu í bílageymslu á lóð Hagasmára 3. Skipulagssvæðið fylgir lóðarmörkum aðliggjandi lóða að sveitarfélagsmörkum Garðabæjar í suðri. Deiliskipulagið nær til áhrifasvæðis gatnamóta Smárahvammsvegar eins og uppdráttur sýnir. Til austurs eftir Arnarnesvegi ná skipulagsmörkin að ytri kanti núverand stígs við undirgöng og sveitarfélagsmörkum. Eftir Arnarnesvegi í vestur nær skipulagssvæðið að skipulagssvæði Nónhæðar, Nónsmára 1-7 og sveitarfélagsmörkum í suðri. Um nákvæma og hnitasetta legu skipulagssvæðisins vísast í uppdrátt á meðfylgjandi skýringaruppdrætti. Skipulagssvæðið er alls 3,52 ha að flatarmáli.

Deiliskipulag þetta er víkjandi fyrir framtíðarskipulagi göturýmis Fífuhvammsvegar og Arnarnesvegar þegar og ef það verður deiliskipulagt.

### 1.3 Núverandi ástand
Skipulagssvæðið er allt á bæjarlandi. Þar standa engin mannvirki önnur en götur, stígar, manir og biðstöðvar almenningssamgangna ásamt tilheyrandi götugögnum. Engin bílastæði eru á svæðinu.

Smárahvammsvegur er tvær akreinar í hvora átt og þar er skiltaður 50 km hámarkshraði á klukkustund. Austan Smárahvammsvegar standa yfir byggingarframkvæmdir á reit sem í aðalskipulagi nefnist ÞR-6. Vestan megin stendur yfir bygging fjölbýlishúsa efst á Nónhæð (ÍB-3 á aðalskipulagi). Önnur svæði eru fullbyggð. Gatnamót við Fífuhvammsveg og Hagasmára eru umferðarljósastýrð og hringtorg er við Arnarnesveg. Gangstígar eru beggja vegna Smárahvammsvegar en engar gönguþveranir nema við umferðarljós við Fífuhvammsveg og Hagasmára. Fjórar biðstöðvar strætisvagna eru á svæðinu, tvær sitthvoru megin Smárahvammsvegar, við Dalsmára og Hlíðarsmára. Strætisvangar stöðva þar í göturýminu.

Skv. umferðartalningu í ágúst 2020 var umferð í sniði milli  Arnarnesvegar og Hlíðarsmára 9640 bílar á sólarhring (HVDU) og 6600 í sniði milli Hæðasmára og Dalsmára.

### 1.4 Samræmi við aðrar áætlanir

*Landsskipulagsstefna*
Áherslur deiliskipulags eru í samræmi við markmið landskipulagsstefnu um þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar. Helst er deiliskipulag þetta líklegt til að stuðla að markmiði 3.5 um sjálfbærar samgöngur og að *„[s]kipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta“.*
Áherslur deiliskipulags styðja einnig við drög að viðauka landsskipulagsstefnu þar sem fjallað er um loftlagsvænar samgöngur, enda er deiliskipulagsáætlun ætlað að skapa bættar aðstæður fyrir virka ferðamáta og almenningssamgöngur.

*Svæðisskipulag 2040 og borgarlína*
Áherslur deiliskipulags eru í samræmi við leiðarljós svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins um eflingu hagkvæmra og vistvænna samgöngumáta. Svæðið er á samgöngu- og þróunarás höfuðborgarsvæðisins og fyrirhugað er að borgarlína muni liggja við eða um deiliskipulagssvæðið. Í svæðisskipulagi er lögð áhersla á að við og í nágrenni borgarlínu verði samgöngukerfið með þeim hætti að það þjóni fjölbreyttum ferðamátum og auðveldi aðgengi þeirra um svæðið og að stöðvum borgarlínu. Deiliskipulagsáætlun er liður í að uppfylla þessi markmið á Smárahvammsvegi.

*Aðalskipulag Kópavogsbæjar*
Nýtt deiliskipulag er í samræmi við sveitarfélagsuppdrátt Aðalskipulags Kópavogsbæjar 2012-2024 og endurskoðun Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, endurskoðun aðalskipulags 2019-2040 sem samþykkt var í bæjarráði í september 2021 og bíður staðfestingar Skipulagsstofnunar. Þar eru hjóla og göngustígar afmarkaðir beggja vegna Smárahvammsvegar. Í endurskoðuðu aðalskipulagi segir að gert sé ráð fyrir að borgarlína fari um „Reykjanesbraut um kjarnastöð í Smára og Smárahvammsveg í blandaðri umferð.“ Þannig liggur stofnleið G, sem er leið borgarlínu þar sem ekki er gert ráð fyrir breyttri götumynd, um Smárahvammsveg. Leiðin er hluti af 2. borgarlínuáfanga. Skv. aðalskipulagi er deiliskipulagssvæðið hluti af svæðiskjarna, sem felur í sér að svæðið skal vera samgöngumiðað. Í kafla 7.5.1 í endurskoðuðu aðalskipulagi kemur fram að Smárahvammsvegur er skilgreindur sem bæjargata. „Á bæjargötum er lögð áhersla á að bæta umhverfi götunnar, skapa heildstæða götumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Bæjargötur eru lykilgöturnar í hverfinu og þær skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Við endurhönnun bæjargatna og umhverfis þeirra er æskilegt að þær séu skoðaðar heildstætt.“

*Samgöngustefna Kópavogsbæjar*
Nú er í vinnslu og afgreiðsluferli Samgöngustefna Kópavogsbæjar. Markmið nýs deiliskipulags er í samræmi við markmið samgöngustefnunnar sem eru meðal annars að uppbygging verði á umhverfi og innviðum fyrir vistvænar samgöngur, markmið um að stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi verði eflt og markmið um bætt aðgengi milli hverfa.

*Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir*
Ekki er í gildi deiliskipulag á vegsvæðinu. Deiliskipulagið hefur óveruleg áhrif á aðliggjandi skipulög. Mörk þeirra eru í flestum tilvikum ónákvæm, ómálsett og hafa tekið fjölda breytinga. Í eldri skipulögum eru oft ekki sýnd skipulagsmörk. Ýmis atriði í eldri áætlunum hafa einnig verið framkvæmd öðruvísi en uppdrættir sýna eða ekki komist til framkvæmda.

Aðliggjandi deiliskipulagsáætlanir eru eftirfarandi:
- Íbúðarhverfi í Kópavogsdal, norðursvæði.
- Deiliskipulag þjónustumiðstöðvar í Kópavogsdal, Hagasmára 1 (Smáralind),
- Deiliskipulag Smárinn vestan Reykjanesbrautar.
- Deiliskipulag Smárahvamms.
- Deiliskipulag Nónhæðar.
- Deiliskipulag Gullsmára.
- Bæjargil 2. áfangi (í landi Garðabæjar)

Á skýringaruppdrætti er gerð nánari grein fyrir aðlögun breytinga að nálægum deiliskipulagsáætlunum.

### 1.5 Samráð
Í aðdraganda deiliskipulagsgerðarinnar hefur verið haft samráð við 201 Smára og lóðarhafa við Hlíðarsmára. VSÓ Ráðgjöf gerði athugun á umferðaröryggi og afköstum gatnamóta Smárahvammsvegar og Hlíðarsmára og tekur deiliskipulagstillagan mið af þeirri athugun. Haft var samráð við Strætó bs um staðsetningu biðstöðva almenningssamgangna.

Helstu umsagnaraðilar deiliskipulagsins eru Skipulagsstofnun, Vegagerðin, Garðabær, Strætó BS, veitufyrirtæki með þjónustu á svæðinu og nefndir og ráð Kópavogsbæjar.

## 2. Deiliskipulag

### 2.1 Akreinar og gatnamót
Smárahvammsvegur verður ein akrein í hvora átt, almennt 3,5m breið, aðskildar með að jafnaði 5m breiðri miðeyju. Gatnamót Smárahvammsvegar-Fífuhvammsvegar og Smárahvammsvegar-Gullsmára/Silfursmára eru umferðarljósastýrð. Smárahvammsvegur er aðalabraut og biðskylda/stöðvunarskylda er á Hæðasmára, Hlíðasmára og Nónsmára. Vinstri beygjur verða leyfðar á öllum gatnamótum um op í miðeyju. Götur aðskildar grænum svæðum og eyjum með vélsteyptum kanti.

### 2.2 Göngu og hjólastígar
Göngustígur liggur beggja vegna gatna. Gönguþveranir verða gerðar við öll gatnamót. Á öllum hliðargötum Smárahvammsvegar liggur gönguþverun í plani yfir gatnamót um hellulagða upphækkun götu. Hjólastígur er lagður samhliða gangstíg vestan Smárahvammsvegar, í einstefnu upp í átt að Nónhæð. Hjólastígur er þar aðskilin göngustíg með lágum kantsteini eða öðrum sýnilegum hæðarmun. Hjólastígur/hjólrein er lögð samhliða akrein Smárahvammsvegar í norður, í einstefnu niður í átt að Fífuhvammsvegi. Breidd hans sé að lágmarki 2m og hann aðskilinn götu áþreifanlegri deililínu og aðskilinn grænu svæði með vélsteyptum götukanti. Hönnun hjólastíga taki mið af ritinu *Hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólreiðar, leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og Vegagerðarinnar* útgefið í desember 2019. Nákvæm lega stíga er leiðbeinandi og ákvarðast nánar við gatnahönnun.

### 2.4 Gróður, landslag og götulýsing
Til að skerpa á hlutverki Smárahvammsvegar sem bæjargötu verður samkvæmt skipulaginu plantað trám í miðeyju götunnar og á völdum stöðum í jaðri hennar. Tegundaval og nákvæm staðsetning trjáa og gróðurs skal ákvarðast við hönnun götunnar. Þar sé hugað vel að frágangi sem ver tré og gróður fyrir snjómokstri, hálkuvörnum (salti) og slætti. Einnig hæfilega stofnhæð trjáa, fjarlæg frá umferð og öruggum sjónlengdum. Nýjir stígar og götuþveranir eru aðlagaðar núverandi og fyrirhuguðum stígum og hljóðmönum eins og mögulegt er og manir og landslag mótað að hönnun götu.

## 3. Umhverfisskýrsla
Hér er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga (123/2010). Ekki er talið að breytingar sem skipulagið hefur í för með sér hafi neikvæð umhverfisáhrif. Líklegt er að áhrifin verði almennt jákvæð á umhverfisþætti.

Engin svæði eða minjar sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd eða öðrum lögum er að finna innan skipulagssvæðisins. Allt svæðið innan skipulagsmarka er nú þegar raskað land. Eitt markmið skipulagsins er að minnka umfang mannvirkja og stuðla að fjölbreyttum ferðamátum, tillagan er því mjög í anda sjálfbærar þróunar.

Að fækka akreinum dregur úr umferðarhraða og minnkar þannig hljóð- og loftmengun um leið og umferðaröryggi eykst. Bættir göngu- og hjólastígar eru til þess fallnir að hvetja til virkra ferðamáta, draga úr bílaumferð og bæta almenna lýðheilsu. Bættar biðstöðvar strætisvagna eru einnig líklegar til að stuðla að aukinni notkun almenningssamgangna og búa í haginn fyrir komandi Borgarlínu.

Deiliskipulagið er líklegt til leiða til jákvæðra áhrifa á ásýnd götu þar sem götugögn og yfirborðshönnun svæðis eru samræmd með heildstæðri hönnun. Einnig er trjágróður líklegur til að bæta ásýnd, veita skjól og auka umhverfisleg gæði svæðisins.

Skipulagið gerir ráð fyrir að umfang ógegndræps yfirborðs minnki, það skapi minna álag á fráveitukerfi og jákvæð áhrif á náttúrulegan vatnsbúskap svæðisins.







Úr Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, ekki í mælikvarða.
Staðsetning skipulagssvæðis:

# DEILISKIPULAGSTILLAGA 15. OKTÓBER 2021

### SKÝRINGAR

- Mörk skipulagssvæðis
- Sveitarfélagsmörk
- Götur
- Göngustígar
- Hjólastígar
- Biðstöð strætisvagna (staðsetning leiðbeinandi, nákvæm lega ákveðin við gatnahönnun
- Upphækkuð gönguþverun (staðsetning leiðbeinandi, nákvæm lega ákveðin við gatnahönnun)
- Aðrar yfirborðsmerkingar (leiðbeinandi, nákvæm umferðarhönnun ákveðin við gatnahönnun)
- Götutré og annar gróður (leiðbeinandi staðsetning)
- Bekkur og sorpbiða (leiðbeinandi staðsetning)
- Manir (nákvæm lega og útfærsla ákveðin við gatnahönnun)
- 1m hæðarlínur
- Græn svæði, þökulagt yfirborð

**TIL HLIÐSJÓNAR UTAN SKIPULAGSSVÆÐIS:**

- Lóðir og lóðarmörk (engar skilgreindar lóðir eru innan skipulagssvæðis)
- Hús og bygginar (engar byggingar eru innan skipulagsvæðis)
- Bílastæði (engin bílstæði eru innan skipulagssvæðis)
- Göngustígar, aðlagist á mörkum skipulagssvæða
- Hjólastígar, aðlagist á mörkum skipulagssvæða

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

### SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

var samþykkt í ______________________

þann ____________ 2021.

Tillagan var auglýst frá ______________ 2021

með athugasemdafresti til ____________ 2021.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í

B-deild Stjórnartíðinda þann ____________ 2021.

**Skipulagsgögn:**
Skipulagsuppdráttur þessi og skýringaruppdráttur

**Kortagrunnar:**
Skipulagssvæði og nágrenni:
*Landupplýsingakerfi Kópavogs SHAPE gögn sótt 23.10 2020.*

201 Smári:
DWG skrár frá VSB dags. 14.10.2019
*15195-gm.dwg*

Nónhæð:
Gögn unnin uppúr stafrænu mæliblaði:
*Nónsmári1-15_M_útsent.dwg*
DWG skjali af deiliskipulagsbreytingu Arkís:
*13-003-Deiliskipulagsgrunnur 20210929.dwg*
og afstöðumynd frá Basalt arkitektum:
*1801_afstöðumynd_DWG FYRIR REVIT.dwg*

**Hnitakerfi: ISN93** **Kvarði: 1:1000 (A1)**

| Útg. | Dags. | Tilefni | Skipulag |
|---|---|---|---|

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 21366 Deiliskipulag Smárahvammsvegar_211013.vwx Dagsetning: 15.10.2021

Skipulag: OG Yfirfarið: AK

Kópavogsbær